

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – ágúst 2026

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,9%

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,9% og lækkaði um 0,1% á milli mánaða. Í ágúst 2025 var atvinnuleysið hins vegar 3,4%.

Að meðaltali voru 8.322 atvinnulausir í ágúst, 4.866 karlar og 3.456 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 100 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,3% en minnst var atvinnuleysið á Austurlandi eða 1,3%.

Alls komu inn 187 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í ágúst.


Atvinnulausir voru 8.722 í lok ágúst, 5.057 karlar og 3.665 konur.

Í ágúst voru 364 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja.

Í ágúst voru 884 einstaklingar á vinnusamningi öryrkja og 50 á virknisamningi.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi hækki á milli mánaða og verði 4,1% í september.

Próun atvinnuleysis frá ágúst 2024 til ágúst 2026



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi lækkaði á milli mánaða og var 3,9% á landinu sem heild. Þróun atvinnuleysis var þó ólík eftir landshlutum. Atvinnuleysi lækkaði mest á Vestfjörðum eða um 0,3% en hækkaði mest á Norðurlandi vestra eða um 0,2%.


Atvinnuleysi var 4,4% á höfuðborgarsvæðinu í ágúst mánuði og 3,1% að meðaltali á landsbyggðinni. Atvinnuleysi var lægst á Austurlandi eða 1,3% en hæst á Suðurnesjum eða 5,3%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.


Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna yfir landið allt í ágúst og á öllum stöðum nema Suðurlandi. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Vestfjörðum þar sem atvinnuleysi var 2,6% meðal karla en 1,4% hjá konum. Á Suðurlandi var atvinnuleysi hjá konum hins vegar 3,6% og 3,3% hjá körlum. Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuleysi karla 4,7% en 4,1% hjá konum og á landsbyggðinni var atvinnuleysi karla 3,2% en 3,0% hjá konum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 8.722 í lok ágúst, 5.057 karlar og 3.665 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 76 frá lokum júlí og atvinnulausum konum fjölgaði um 6.


Alls voru 2.197 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok ágúst og fjölgaði um 32 frá lokum júlí.

Alls höfðu 1.734 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst. Í ágúst 2025 var fjöldi þeirra hins vegar 1.511 og nemur fjölgunin 223 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 2.432 í ágúst síðastliðnum en voru 2.003 í ágúst 2025.


Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok mánaðar fjölgaði heilt yfir í ágúst þó að fækkaði lítillega í nokkrum greinum. Mest var fjölgunin í flokknum Listir, söfn, tómstundir og skyldar greinar eða um 31 og þá var sama fjölgun í veitingarþjónustu og verslun og vöruflutningaum en í báðum flokkum fjölgaði um 28. Mest var fækkunin í fiskveiðum en hún nam 43.




Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.680 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fjölgaði um 80 frá því í lok júlí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var tæplega 54% í lok ágúst.



Atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi var 7,7% í ágúst samanborið við 2,5% hjá Íslendingum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok ágúst 2026




Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.797 sem eru um 38% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst komu atvinnuleitendur frá Litáen, Rúmeníu og Úkraínu.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 105 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 60 einstaklingar, 10 fóru til Litáen og 5 til Lettlands. 4 fóru til Grikklands og 3 til Tékklands. Þá voru gefin út 23 vottorð til viðbótar til 12 annarra ríkja.


Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2026



Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 187 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 138 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 61% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 11% á Norðurlandi eystra og 9% á Vesturlandi. Þá voru um 18% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í ágúst 2026



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í ágúst voru 364 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 226 einstaklingar.

Vinnu- og virknisamningar

Vinnusamningur öryrkja er endurgreiðslusamningur við atvinnurekendur sem ráðið hafa fólk með örorkulífeyrisgreiðslur og er þeim ætlað að auka tækifæri fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu til þátttöku á almennum vinnumarkaði. Atvinnurekandi getur fengið hluta af launagreiðslum endurgreiddan með vinnusamningi öryrkja. Virkir vinnusamningar í lok mánaðar voru 884.

Virknisamningur er endurgreiðslusamningur við atvinnurekendur sem ráðið hafa fólk með sjúkra- og endurhæfingargreiðslur eða hlutaörorkulífeyri til starfa. Endurgreiðslusamningnum er ætlað að auka tækifæri fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu til þátttöku á almennum vinnumarkaði. Virkir virknisamningar í lok mánaðar voru 50.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.